

Skólaráðsfundur, 7.10.2020 kl. 16:00

Mætt: Ruth, Ágúst, Anna Björk, Carola, Eyþór, Málfríður

Fundurinn fór fram í gegn um Teams

1. Skólahald í vetur:
 - Að mestu leyti hefðbundið skólastarf, ekki hægt að hólfa niður, sökum samnýtingu rýma eins og t.d. matsalur
 - Nýtt: velferðarkennsla, Elva Rún Klausen vinnur með nemendum á öllum stigum.
 - 382 nemendur, 50 kennarar, 23 almennir starfsmenn
 - 2 kennslustofur bættust við Tónskólann í sumar.
 - Skipt um ofna í gömlu álmu, starfsmannagangur og stofur 24-26.
 - Starfsstöðvar kennara dreifðari um skólann
 - Skortur á minni rýmum
 - Stofa 26 ekki nothæf enn vegna raka
2. Sjálfsmatsskýrsla
 - Farið yfir helstu atriði
 - Stöndum vel varðandi aðstöðu, skortur á minni rýmum
 - Unnið upp úr könnunum nemenda, foreldra og starfsfólks
 - Styrkleikar og veikleikar í skýrslu á bls. 20
 - Gerð verður úrbótaáætlun og er það á hendi matshóps.
3. Skólaþing
 - Átti að vera 20.10.2020
 - Hugmynd um að fresta því fram á vor (apríl/maí), samþykkt samhljóða
 - Gott að fá hugmyndir um framkvæmd þingsins.
4. Frá nemendum
 - 50 nemendur af elsta stigi taka þátt í árshátíðarundirbúningi, sýna á Bláa hnöttinn
 - Allavegana verður sýning fyrir krakka
 - Kannski þarf að streyma fyrir foreldra eða hafa fleiri sýningar fyrir færri í einu
 - Góður tækjakostur (ipad/chrome). Nokkrir krakkar koma með eigin tæki í skólann.
5. Önnur mál
 - Starfsáætlun skólaráðs: Ruth fór yfir starfsáætlun og eru áætlaðar 4 fundi fram á vor, áætlun samþykkt samhljóða. Starfsáætlun verður birt á heimasíðu.

Fundi slitið kl. 16:47